gjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum, og sjerstaklega um það, hvort þjer eða synodus skulið gjöra tillögur um úthlutun nefndra 3000 króna. 45 5. apríl.

Útaf þessu skal jeg hjermeð tjá hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum, að sumpart vegna þess, að fjárveiting sú, sem hjer er um að ræða, er samsteypa af 4. og 6. lið 13. gr. A. b. í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885 (sbr. Alþtíð. 1886 C. bls. 30 og 246), sumpart með tilliti til þess, hvernig fjárveitingin er orðuð í þeim núgildandi fjárlögum, álít jeg rjett, að ofannefndum 3000 kr. verði úthlutað fyrst og fremst til þeirra uppgjafapresta og prestsekkna, er engin eða minni eptirlaun hafa fyrir það, að eptirlaunalög presta og prestsekkna 27. febr. 1880 og 3. okt. 1884 ná eigi til þeirra og síðan til annara uppgjafapresta og prestsekkna, sem eiga við bágust kjör að búa, og með því að jeg enn fremur álít vel við eiga samkvæmt því, hvernig fjárveitingin er til orðin, að synodus eigi nokkurn þátt í úthlutuninni, þá vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á hin heiðruðu stiptsyfirvöld, að leggja fyrir hinn árlega synodus uppástungur yðar um úthlutun á hinum hjerumræddu 3000 kr., samkvæmt því sem nú hefur verið tekið fram, og senda mjer síðan uppástungur þessar, ásamt með tillögum synodusar um málið.

Reikningur 46

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Örum & Wulffs 1885.

Tekjur.

1.	Eign sjóðsins 1. jan. 1885:		
	a, Innritunarskýrteini fjárhagsstjórnarinnar Litr. G. fol. 1130	kr. 4000,00	
	b, Í peningum	— 13,15	kr. 4013,15
2.	Leigur af innstæðufje sjóðsins $^{11}/_{6}$ 84—$^{11}/_{6}$ 85		— 160,00
			kr. 4173,15

Gjöld.

1.	Borgað fyrir auglýsing í «Fróða»		kr. 0,80
2.	Styrkur veittur Sigurjóni Friðjónssyni á Sandi		— 160,00
3.	Í sjóði við árslok 1885:		
	a, Innritunarskýrteini fjárhagsstjórnarinnar Litr. G. fol. 1130	kr. 4000,00	
	b, Í peningum	— 12,35	— 4012,35
			kr. 4173,15

Skrifstofu norður- og austuramtsins 15. jan. 1886. Húsavík 8. febr. 1886.

J. Havsteen. *Þ. Guðjohnsen.*

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C 4.

Samþykkt tillaga bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um að verja hluta bæjarins fyrir 1886 af fjenu til eflingar búnaði, 200 kr., til að gjöra við Vatnsmýrina.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Strandasýslu um að verja hluta sýslunnar fyrir 1886 af